

Námskeiðslýsing - Námskeiðsáætlun

Veturinn 2018 – 2019

Námskeiðsáætlunin nær til allar starfsemi Landskerfis bókasafna og Rekstrarfélags Sarps. Boðið verður upp á kennslu í flestum grunnþáttum Gegnis, SFX og Rafbókasafnsins auk ítarnámskeiðs fyrir starfsmenn bókasafnanna.

Starfsmönnum aðildarsafna Sarps er boðið upp á grunnnámskeið, námskeið í skráningu og umsýslunámskeið.

Í áætluninni á bls. 5-6 eru tilgreindir markhópar námskeiðanna til þess að námskeiðin og kynningarnar verði hnitmiðaðri en ella. Námskeiðin eru samt sem áður opin öllu starfsfólki Gegnissafna annarsvegar og aðildarsafna Sarps hinsvegar. Hér fyrir neðan eru stuttar lýsingar á námskeiðunum ásamt námskeiðsáætlun. Athugið að dagsetningar eru settar fram með fyrirvara um breytingar og einnig er áskilinn réttur til að fella niður námskeið ef ekki næst næg þátttaka.

Öll námskeið eru gjaldfrjáls nema skráningarnámskeið í Gegni.

Gegnir og leitir.is

Bæði verður boðið upp á almenn og sértæk námskeið í kerfunum. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir námskeiðshaldi fyrir kerfisþætti sem eru minna notaðir eins og aðföng og millisafnalán þar sem innleiðing þeirra krefst mikillar vinnu bæði af starfsfólki aðildarsafna og starfsmanna Landskerfis. Þar sem að hillir undir nýtt bókasafnskerfi er ekki skynsamlegt að leggja í þá vinnu á núna. Ef starfsmenn aðildarsafna þurfa hins vegar kennslu í þessum kerfisþáttum mun Landskerfi bókasafna aðstoða söfnin og veita formlega eða óformlega kennslu eftir aðstæðum.

Á þeim námskeiðum þar sem þátttakendur þurfa að hafa tölvur er boðið upp á aðstoð við uppsetningu starfsmannaáðgangs Gegnis. Á öðrum námskeiðum er þátttakendum frjálst að mæta með tölvur en æskilegast er að starfsmannaáðgangur sé þegar uppsettur þar sem ekki er tryggt að hægt sé að aðstoða við uppsetningu.

SFX

SFX er krækjuckerfi sem tengir áðgang að rafrænum áskriftum inn í leitir.is. Vinnustofa verða haldin fyrir umsjónarfólk SFX- instansanna í háskólabókasöfnunum og á Landspítala.

Rafbókasafnið

Námskeið í Rafbókasafninu er fyrir starfsfólk aðildarsafna þess. Farið verður í uppbyggingu og virkni vefsins og appanna auk þess sem kennt verður á Marketplace.

Sarpur

Haldin verða grunnnámskeið í Sarpi en einnig verður boðið upp á ítarnámskeið í skráningu annars vegar og umsýslu hins vegar. Fagstjóri tekur við öllum ábendingum varðandi námskeiðshald.

Námskeiðsskráning

Skráning fer fram á vef Landskerfis bókasafna, landskerfi.is. Nauðsynlegt er að hafa stofnað áðgang að þjónustuvefnum til þess að geta skráð sig á námskeið, [hér eru nánari upplýsingar](#). Einnig er hægt að fá aðstoð við skráningu í síma 514 5050.

Námskeiðslýsingar

Gegnir, leitir.is

1. Hvað er að fréttá?

Ítarnámskeiðið kallast að þessu sinni „Hvað er að fréttá?“ enda stöndum við á tímamótum vegna vals á nýju bókasafnskerfi. Fyrir utan fréttir af nýju bókasafnskerfi eru einnig ýmsar breytingar sem vert er á að kynna. Á námskeiðinu verða að venju skoðuð valin atriði í Gegni og daglegu amstrinu því ný ráð alltaf vel þegin.

Dagskrá:

- Nýtt bókasafnskerfi – staða mála og næstu skref
- Undirbúningur bókasafnanna fyrir nýtt kerfi
- leitir.is – nýtt viðmót
- Rafbókasafnið
- Gegnir – trix og tips
- Persónuverndarlögin
- Tölfræðin – nýtt viðmót

2. Grunnnámskeið í Gegni

Á þessu námskeiði verður farið í grunnaðgerðir kerfisins með þarfir nýrra starfsmanna og nýrra aðildarsafna í huga.

Dagskrá:

- Almenn kynning á Gegni og tengdum kerfum
- Leitir í kerfunum
- Tenging eintaka

3. Skráningarnámskeið

Aðeins þeir sem hafa sótt námskeið í skráningarþætti Gegnis geta fengið skráningarheimild í kerfið. Skilyrði fyrir þátttöku er próf í bókasafns- og upplýsingafræði og að safn viðkomandi sé aðildarsafn í Gegni. Námskeiðið er þrjú dagar.

Dagskrá:

- Leitir
- Skráningarþáttur, almenn kynning
- MARC21
- Nafnmyndaskrá / efnisorð
- Verklegar æfingar

ATH.: Hverju aðildarsafni Gegnis er heimilt að senda einn starfsmann endurgjaldslaust á skráningarnámskeið en síðan er námskeiðsgjald 41.566 kr. með vsk. á þátttakanda miðað við gjaldskrá 2018.

4. Útlánanámskeið

Námskeiðið er ætlað söfnum sem nota útlánaþáttinn ásamt þeim sem ætla að byrja að nota útlánaþáttinn á næstunni.

Dagskrá:

- Leitir í starfsmannaaðgangi Gegnis
- Leitir í leitir.is
- Útlánaaðgerðir og frátektir
- Sektir og greiðslur
- Lánþegaskráning, notendanöfn og lykilorð
- Vanskilalistar og rukk

5. Kerfiskeyrslur

Markmið með námskeiði í kerfiskeyrslum er að auka sjálfstæði starfsmanna bókasafna í daglegum störfum. Kennt verður á kerfiskeyrslur sem gera starfsfólki kleift að útbúa:

- Aðfangalista / eintakalista
- Frátekjarlista / lánþegalista
- Útlánalista / vanskilalista
- Útlánaskýrslur (tölfræði)

Að þessu sinni mun sérstaklega verða lögð áhersla undirbúning gagna fyrir flutning yfir í nýtt kerfi.

6. Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundir skrásetjara eru haldnir einu sinni á ári. Fundunum er ætlað að vera stuðningstæki fyrir skrásetjara. Það verður meðal annars farið yfir:

- Gæðamál
- Skráningarreglur - vafaatriði
- Samþykktir skráningarráðs
- Nýjungar í skráningarstöðlum

SFX

7. SFX – vinnustofa

Starfsmönnum háskólabókasafnanna og Landspítala er boðið að eyða hálfum degi saman við að „laga til“ hver í sínum SFX-instansi undir leiðsögn umsjónarmanna SFX hjá LB.

Rafbókasafnið

8. Vefur og öpp Rafbókasafnsins. Marketplace

Námskeiðið er ætlað starfsmönnum aðildarsafna Rafbókasafnsins. Farið verður í alla þætti vefsins og virkni hans, sem og appanna. Þá verður farið í ýmsar aðgerðir inni á Marketplace

- OverDrive og auðkenning
- Skráarsnið raf- og hljóðbókanna
- Tækin
- Mínar síður
- Stillingar
- Hjálparsíður
- Marketplace

Sarpur

9. Grunnnámskeið í Sarpi

Námskeiðið er ætlað nýjum söfnum, nýjum starfsmönnum og þeim sem þarfnast upprifjunar. Farið verður yfir grunnaðgerðir kerfisins í þessu námskeiði.

Dagskrá:

- Almenn kynning og yfirferð
- Samstarf: Aðildarsöfnin og Rekstrarfélag Sarps
- Staðaskrá
- Nafnaskrá
- Aðföng: Munaskrá og Myndaskrá
- Vinnulag við skráningu, efnisorð, hraðskráningarsnið og myndir í færslum
- Leit
- Umsýsla
- sarpur.is

10. Sarpur – umsýsla

Námskeiðið er ætlað þeim söfnum sem eru að vinna með eða hyggjast nýta sér umsýsluþætti Sarps (Pantanir, Sýningar og Útlán) Farið verður yfir hvern þátt fyrir sig, virkni og möguleikar kynntir.

- Stutt yfirferð og kynning
- Pantanir – stofna og halda utan um pantanir í Sarpi. Sérstaklega verður farið yfir pantanir sem berast í gegnum ytri vef Sarps
- Sýningar – stofna og halda utan um sýningar í Sarpi
- Útlán – stofna og halda utan um útlán í Sarpi

11. Skráningarnámskeið í Sarpi

Námskeiðið er ætlað starfsmönnum aðildarsafna Sarps sem hafa mikla reynslu af kerfinu eða hafa lokið grunnnámskeiði og vilja ná betri tökum á skráningu í kerfið. Farið verður yfir vinnulag við skráningu, hraðskráningarsnið og flýtleiðir í Sarpi. Námskeiðið verður verkefnaþið og þurfa nemendur að hafa með sér tölvu.

Dagskrá:

- Kynning á námskeiðinu og yfirferð/uppsetning á tölvukosti nemenda ef þarf
- Vinnulag við skráningu („Þriggja flipa uppsetningin“)
- Hraðskráningarsnið: tilgangur og verklag
- Flýtleiðir í Sarpi (t.d. fjölvar og Chrome viðbætur)
- Verkefni í þróunarumhverfi Sarps undir handleiðslu kennara

Námskeiðsáætlun 2018–2019

HAUSTÖNN 2018					
	Dagsetning	Tími	Staðsetning	Markhópur	Koma með tölvu?
Gegnir – Grunnnámskeið	5. september	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Ný söfn og nýir starfsmenn	
Gegnir – Útlánanámskeið	5. september	13:00 – 16:00	Katrínartún 2	Ný söfn og nýir starfsmenn	
Rafbókasafnið – Vefur, öpp og Marketplace	14. september (Féll niður)	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Rafbókasafnsins	Fartölvur og snjalltæki
Gegnir: Ítarnámskeið - Hvað er að fréttu?	25. september	10:00 – 14:30	Háskólasetur Vestfjarða	Vestfirðir	
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	27. september	13:00 – 16:00	Háskólinn á Akureyri stofa M101	Norðurland	
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	28. september	10:00 – 14:30	Bókasafn Héraðsbúa	Austurland	
Sarpur – Grunnnámskeið	4. október	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	
Sarpur – Skráningarnámskeið	5. október	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	Já
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	5. október	10:00 – 14:30	Bókasafn Akraness	Vesturland	
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	8. október	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Gegnis	
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	9. október	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Gegnis	
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	10. október	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Gegnis	
Sarpur – Umsýslunámskeið	11. október	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	Já
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	12. október	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Gegnis	

Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	15. október	10:00 – 14:30	Bókasafnið Árborg	Suðurland	
Gegnir: Ítarnámskeið – Hvað er að fréttu?	18. október	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Gegnis	
Gegnir – Skráningarnámskeið	29.-31. október	9:00 – 15:00	Katrínartún 2	Útskrifaðir bókasafnsfræðingar	Já

VORÖNN 2019					
Námskeið	Dagsetning	Tími	Staðsetning	Markhópur	Koma með tölvu?
Gegnir – SFX vinnustofa	25. janúar	10:00 – 16:00	Katrínartún 2	Umsjónarfolk rafrænna áskrifta (háskólar)	Já
Gegnir – Kerfiskeyrslur	22. febrúar	8:30 – 12:00	Katrínartún 2	Vanir starfsmenn í Gegni	Já
Gegnir – Grunnnámskeið	8. mars	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Gegnis	
Gegnir – Útlánanámskeið	8. mars	13:00 – 16:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Gegnis	
Sarpur – Grunnnámskeið	4. apríl	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	
Sarpur – Skráningarnámskeið	5. apríl	10:00 – 15:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	Já
Sarpur – Umsýslunámskeið	9. apríl	9:00 – 12:00	Katrínartún 2	Aðildarsöfn Sarps	já
Gegnir – Fræðslufundur skrásetjara	10. maí	10:00 – 12:00	Landsbókasafn	Skrásetjarar	